

Mál nr. 274/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis A

Skráningarnúmer ökutækis A og B

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 31. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. september 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að 16. júní 2021 hafi bifreiðinni A verið ekið inn í hlið bifreiðarinnar B sem M var farþegi í. M hafi leitað á slysadeild strax eftir slysið þar sem hann hafi fengið högg á öxlina við áreksturinn og lýsti hann verkjum á axla- og herðasvæði auk verkja í mjóbaki. Hann var greindur með tognun og ofreynslu á axlarlið og tognun og ofreynslu á lendarhrygg. Fram kemur að M hafi leitað ítekað á heilsugæslu vegna áframhaldandi einkenna og lýsi hann 25. júní 2021 verkjum í baki, hálsi og mjóbaki með leiðni í uppframhaldlegg. Lýsti hann jafnframt dofa í vinstri öxl og dofa í báðum lærum. M fékk vottorð um óvinnufærni tímabilin 16. júní – 15. júlí 2021, 4. – 31. ágúst 2021 og 12. – 26. október 2021. V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að fyrirbyggjandi gögn bentu ekki til þess að varanlegt heilsutjón gæti hafa hlotist af árekstrinum ásamt því að vísa í skýrslu um hraða- og höggútreikning. M telur orsakatengsl vera fyrir hendi og að gögn málsins sýni að hann hafi hlotið áverka í slysinu sem hann sé enn að glíma við. Bendir M á að hann hafi verið óvinnufær sökum slyssins. Orsakatengsl samanstandi af nokkrum þáttum sem séu frásögn tjónþola ef hún samræmist læknisfræðilegum gögnum. M hafi ekki fyrri sögu um stoðkerfiseinkenni en hafi leitað reglulega til heimilislæknis eftir slysið vegna einkenna. Þá sé ekki hægt að byggja á einhliða aflaðri skýrslu um högg- og hraðaútreikning enda sé um hlutlæga ábyrgðarreglu að ræða og M hafi ekki gefist kostur á að koma að sjónarmiðum sínum. Reikniforrit geti ekki skorið úr um það hversu umfangsmiklar afleiðingar slyss séu einstaklinga enda sé einungis tekið mið af áætlaðri þyngd ökumanna og þyngd ökutækja en ekki sé tekið tillit til einstaklingsbundinna þátta og líkamsstillingu við árekstur sem geti haft áhrif á afleiðingar á tjónþola eftir árekstra.

V vísar til 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 um ársfrest til að krefjast málsmeðferðar fyrir nefndinni. V telur að skv. tjónaskýrslu sé takmarkað sýnilegt tjón á B og telur V að umferðaróhappið hafi ekki haft nægan kraft til að valda varanlegu líkamstjóni og því sé ósannað að einkenni M verði rakin til umferðaróhappsins. V bendir á að M beri að sanna tjón sitt og telur V orsakatengsl milli slyssins og áverkanna ósönnuð. Ekki liggi fyrir læknisfræðilegt mat eða greining á því hvort orsakatengsl sé milli núverandi umkvarntana M og umferðaróhappsins. Skv. dómi Hæstaréttar í máli nr. 8/2033 verði niðurstaða um alvarlegar afleiðingar ekki byggð eingöngu á frásögn tjónþola heldur verði niðurstaðan að styðjast við læknisfræðileg gögn. Ekki liggi fyrir matsgerð óháðra matsmanna um líkamstjón af völdum slyssins né önnur læknisfræðileg gögn hvað varðar meðferð skömmu eftir slys og takmörkuð gögn um heilsufar M fyrir slysið.

Álit.

Í 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 kemur fram að váttryggður glati rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða skotið máli til úrskurðarnefndar innan árs frá því að váttryggingarfélag hafnar kröfu hans. Mögulegur réttur M til bóta hjá V er úr ábyrgðartrygginu bifreiðarinnar A. Sá sem er váttryggður í þeirri váttryggingu er eigandi bifreiðarinnar en ekki sá sem krefst skaðabóta í skilningi skaðabótaréttar úr ábyrgðartryggingu en það er staðan sem M er í gagnvart V. Það er því rangt af hálfu V að vísa til þess að krafa M geti fallið niður með vísan til ákvæðisins og á það ekki við í þessu máli.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins 16. júní 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V. Það verða ekki dregnar víðtækar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna en óumdeilt er að skýrslan lýsir litlum þyngdarkrafti árekstursins. Samkvæmt almennum sönnunareglum ber M sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið

Líkamstjón í árekstrinum. Það liggur fyrir að það var lítil ákoma á bifreið B sem M var farþegi í og loftrúðar opnuðust ekki. Áreksturinn varð ökumanns megin og bifreiðin B er mikið stærri en A og því var ákoman neðarlega á bifreið B. Það liggur fyrir að V hefur samþykkt að greiða kostnað vegna sannanlegra tímabundinna afleiðinga sem féllu til á fyrstu þremur mánuðunum. Hins vegar liggur ekki fyrir matsgerð eða önnur gögn um hvort þau líkamlegu einkenni sem M lýsir hafi langtímaáhrif og hafi valdið varanlegu tjóni. M hefur því ekki tekist að sýna fram á orsakatengsl milli slyssins og varanlegs tjóns. Því er bótaskyldu hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 11. október 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir